



# EIN-HLÖÐUNGUR

3. árg., 1. tbl.

Mars 2007

HLÖÐVER

## Árshátíð Háskóla Íslands Upphitun

Upphitun fyrir árshátíð Háskóla Íslands fer fram laugardaginn 17. mars að Bæjargili 118 í Garðabæ. Þar munu þau Edda G. Björgvinsdóttir og Árni Möller taka á móti árshátíðarförum. Upphitunin hefst kl. 17.17.



## Aðalfundur Hlöðvers

Aðalfundur félagsins og kosningavaka fara fram föstudaginn 13. apríl kl. 14:30. Léttar veitingar verða í boði ásamt myndasýningu og fleiru fjórlegu.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar félagsins
4. Ákvörðun félagsgjalds
5. Lagabreytingar
- Önnur mál

## Lagabreyting

Á aðalfundinum verður lögð tillaga að lagabreytingu.

### 5. grein

Stjórn félagsins er skipuð fjórum mönnum og tveim til vara. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár en varamanna eitt ár. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund og velur sér formann, varaformann, ritara og gjaldkera.

### Breytist í:

Stjórn félagsins er skipuð fjórum mönnum og tveimur til vara. **Kjörtímabil stjórnarmanna og varamanna eru tvö ár.** Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund og velur sér formann, varaformann, ritara og gjaldkera.

## Hollywood söngleikir -Hví hötum við þá bæði og elskum?



Martin Regal, dósent í ensku við HÍ mun halda fyrirlestur um Hollywood söngleiki í fyrirlestrarsal Þjóðarbókhöðunnar fimmtud. 22. mars kl. 20:00. Þar rýnir hann í þær aðferðir sem kvikmyndaver í Hollywood hafa notað meðvitað til þess að kalla fram viðbrögð áhorfenda. Meðal spurninganna sem Martin Regal mun reyna að svara í fyrirlestri sínum eru: Hvaða fagurfræði býr að baki Hollywood söngleikja? Er hægt að búa til aðdáendur úr efasemdarmönnum? eru söngleikir meðal ómerkilegustu tegunda sviðslistar?

Stutt brot úr nokkrum söngleikjum frá árunum 1920-1980 verða sýnd.

**Fyrirlesturinn er á ensku og eru starfsmenn hvattir til að mæta með gesti.**

**Boðið verður upp á kaffi/te og meðlæti**

## Ný stjórn Starfsmannafélagsins

Nú í vor eru liðin tvö ár síðan núverandi stjórn tók við Starfsmannafélagi Þjóðarbókhöðu, eða Hlöðveri, eins og félagið hefur kallast þennan tíma. Kjörtímabilið er því á enda og er hér með auglýst eftir áhugasömu fólki til að taka við stjórnartumunum! Tekið er á mót framboðslistum með tölvupósti eða með samtölum við núverandi stjórn í matsal í hádegjunum.



**Ritstjórn:** Laufey Einarsdóttir, Bragi Þ. Ólafsson, Anna María Sverrisdóttir og Sóley Hjartardóttir  
**Hönnun:** Sóley Hjartardóttir  
**Ljósmyndir:** Ýmsir **Stílisti:** Laufey  
**Hár og fördun:** Anna María með Loréal snyrtivörum

## Valdarán í uppsiglingu á Lbs. –Hbs.?

Heyrst hefur að alþjóðlegi hreingeringauðhringurinn **ISS** ætli að gera valdarán á Landsbókasafni 1. apríl og steypa núverandi Landsbókaverði af stóli. Hlöðungur mun fylgjast náið með málinu.

**Hlöðungur – fyrstur með fréttirnar!**

“HAVE YOU CHECKED THE CATALOGUE?”



Guðrún Ásgrímsdóttir bókavörður gangsetur nýja útlánavél Landsbókasafns í byrjun mars sl.

## Nýjar útlánavélar teknar í notkun

Fyrir nokkrum árum voru tölvuvæddar útlánavélar í notkun hér á safninu, notendum til mikilla þæginda. Vélarnar voru þó oft bilaðar og voru því fjarlægðar úr safninu fyrir nokkru síðan.

Tækni framfarir á þessu sviði eru þó örar og í byrjun mars var gangsett ný útlánavél á 2. hæð. Vélin, sem gengur undir nafninu “Ranganathan 3000”, þykir bæði hraðvirk og viðmótsþýð.

## Nýjar filmuvélar

Þann 10. mars kom ný filmuvél til safnsins. Kiwanisklúbburinn Kiddi gaf filmuvélina eftir mikla fjársöfnun.

Filmuvélin verður staðsett á 3. hæð og mun eflaust koma notendum í góðar þarfir.



Einar Sigurðsson fv. Landsbókavörður sýnir Ingibjörgu Sverrisdóttur nýju filmuvélina.

## El embajador

Heyrst hefur að Sigrún Klara Hannesdóttir sé að hætta sem Landsbókavörður. Þer það allbrátt að en ástæðan fyrir þessu er sú að Sigrúnu barst annað atvinnutilboð sem hún, að eigin sögn, gat ekki hafnað, enda gamall draumur að rætast. Hún verður nú sendiherra Íslands í Mexíkó og mun flytjast til Chihuahua í Chihuahua-sýslu strax í maíbyrjun.



„¡Hola, amigos!“ sagði Sigrún Klara, hress í bragði, þegar blaðamaður og ljósmyndari Hlöðungs hittu hana við salsafatið í mótuneytinu í gær.

**Við óskum el embajador Sigrúnu Klöru velfarnaðar í nýju starfi og þökkum henni kærlega fyrir samveruna hér á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.**

## Myndun Morgunblaðsins lokið



Starfsfólk GAZA að störfum í febrúar sl.

Nú nýlega luku GAZA-liðar myndun á Morgunblaðinu í heild sinni, alls 65.834.678 síður. Af því tilefni var boðið upp á kaffi og kökur í matsalnum. Sem þakklætisvott fékk starfsfólk GAZA lífstíðaráskrift að Morgunblaðinu.